

6. gr.

Tollstjórar, hver í sínu umdæmi, annast endurgreiðslu eða niðurfellingu aðflutningsgjalda samkvæmt reglugerð þessari.

Fyrir hverja vörusendingu, sem endursend er til útlanda skv. 1.—5. gr., skal greiða tollskoðunargjald.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 57. gr., sbr. 8. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 337 22. september 1977 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 1. október 1979.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

AUGLÝSING

um tollverð notaðra bifreiða.

1. gr.

Tollverð innfluttra notaðra bifreiða skal fundið samkvæmt meginreglum 5.—7. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með þeim leiðréttingum sem leiðir af ákvæðum auglýsingar þessarar.

Nú er hið umsamda kaupverð lægra en matsverð samkvæmt 2. gr. auglýsingar þessarar og skal þá leggja það verð til grundvallar útreikningi aðflutningsgjalda sem hærra er.

2. gr.

Við ákvörðun tollverðs skal leggja til grundvallar fob-verð nýjustu árgerðar bifreiðar af sömu eða svipaðri tegund eins og það er á komudegi þess fars sem flytur viðkomandi bifreið til landsins.

Við ákvörðun tollverðs skal leggja til grundvallar fob-verð nýjustu árgerðar bifreiðar af sömu eða svipaðri tegund eins og það er á komudegi þess fars sem flytur viðkomandi bifreiðar til landsins.

Frá verði samkvæmt 1. mgr. skal heimilt að draga ákveðinn hundraðshluta fyrir hvern aldursmánuð bifreiðar, sbr. 1. mgr. 5. gr., svo sem kveðið er á um í 1. og 2. lið hér á eftir.

1. Bifreiðar sem teljast til tollskrárnúmera 87.01.20, 87.02.17, 87.02.29, 87.02.31, 87.02.35, 87.02.37 og 87.02.38:

1.2% allt að 40 mánuðum en 48% er hámarksfyrning samkvæmt þessum lið.

2. Bifreiðar sem teljast til tollskrárnúmera 87.02.14, 87.02.16, 87.02.19, 87.02.21, 87.02.33, 87.02.34, 87.02.41, 87.02.42 og 87.02.49:

1.5% fyrstu 6 mánuðina.

1.0% næstu 18 mánuði.

0.5% eftir það.

Aldrei má þó fyrna meir en svo að eftir standi 10% af því verði sem lagt er til grundvallar.

3. gr.

Nú flytur maður búferlum til landsins og hefur með sér frá útlöndum bifreið sem verið hefur í eigu hans í a. m. k. eitt ár og skulu þá gilda sömu reglur og kveðið

er á um í 2. gr. auglýsingar þessarar. Fyrning má þó nema 1.5% á mánuði fyrir fyrstu 6 mánuðina og síðan 1% á mánuði en um hámarksfyrningu skal farið svo sem fyrir er mælt í 2. lið 2. gr.

Samkvæmt þessari grein skal ætíð leggja matsverð til grundvallar útreikningi aðflutningsgjalda.

4. gr.

Tollverð notaðra bifreiða erlendra sendiráða eða sendiráðsstarfsmanna sem tollafgreiddar hafa verið skv. 8. fl. 2. gr. tollskrárlaga og seldar eru hérlendis skal fundið í samræmi við ákvæði 3. gr. en lok fyrningar skal miða við söludag.

5. gr.

Upphaf fyrningar samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar miðast við 1. júlí árgerðarárs viðkomandi bifreiðar en lok fyrningar við komudag flutningsfars til landsins, sbr. þó 4. gr. Hluta úr mánuði skal sleppt við útreikning fyrningar.

Árgerð bifreiðar skal sönnuð með vottorði útgefnu af opinberu skráningar-aðila í því landi, þar sem bifreiðin var fyrst tekin í notkun, eða á annan þann hátt sem tolyfirvald metur gildan.

Við ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari skal hvorki taka tillit til útlits né ástands viðkomandi bifreiðar, sbr. þó 6. gr.

6. gr.

Nú verður mati eigi komið við skv. 1. mgr. 2. gr. og er þá tolyfirvaldi heimilt að láta fara fram sérstakt mat á viðkomandi bifreið skv. 10 gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.

7. gr.

Ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari er endanlega bindandi og verður eigi skotið til yfirmats.

Fjármálaráðuneytið lætur gera skrá um verð á algengustu tegundum nýrra bifreiða til leiðbeiningar fyrir tollstarfsmenn við ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari.

8. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 17 11. janúar 1977 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 8. október 1979.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum nr. 193 6. maí 1977 um radióleyfi áhugamanna.

1. gr.

I. töluliður 13. gr. orðist svo:

I. Undanþága til aðila, sem hefur gildandi radióleyfi áhugamanna frá heima-landi sínu er háð eftirfarandi skilyrðum: